

1. Tilgangur

Stefna þessi er sett á grundvelli 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og 17. gr. reglugerðar nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Stefnunni er ætlað að tryggja að í starfsemi ÍV sjóða hf. (ÍV sjóðir) verði gerðar allar tiltækar ráðstafanir til að bera kennsl hagsmunárekstra í starfseminni og bregðast við þeim. Markmiðið er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra á milli félagsins og viðskiptavina þess eða viðskiptavina félagsins innbyrðis. Með því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra er jafnframt miðað að því að varðveita trúverðugleika félagsins.

ÍV sjóðir er hluti af samstæðu og er móðurfélag þess Íslensk verðbréf hf. Stefnu þessari er ætlað að taka mið af hvers konar aðstæðum, sem félaginu ætti að vera kunnugt um, sem gætu leitt til þess að hagsmunaárekstrar verði vegna skipulags og starfsemi annarra aðila að samstæðunni.

2. Gildissvið

Stefna þessi gildir um hagsmunaárekstra á milli:

1. viðskiptamanna félagsins;
2. mismunandi sjóða eða sjóðadeilda í rekstri ÍV sjóða;
3. ÍV sjóða, viðskiptamanna, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri ÍV sjóða;
4. Starfsfólks ÍV sjóða og viðskiptamanna, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri félagsins.

Þegar hætta á hagsmunárekstrum er til staðar ber félaginu að viðhafa skilvirkt verklag til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina félagsins. Stefnan tekur til allra eininga í starfsemi félagsins.

Stefnan gildir um verðbréfavíðskipti milli félagsins og viðskiptavina þess óháð því hvort þeir eru flokkaðir sem almennir fjárfestar, fagfjárfestar eða viðurkenndir gagnaðilar.

Í þeim tilvikum þegar mismunandi kröfur eru gerðar um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum í stefnu þessari og innri reglum félagsins skulu þær kröfur sem strangari eru ávallt gilda.

3. Greining hagsmunaárekstra

ÍV sjóðir hefur skilgreint mögulegar aðstæður og atvik sem hagsmunaárekstrar geta komið upp. Jafnframt endurskoðar félagið reglulega aðferðir til að stýra hagsmunaárekstrum og minnka möguleika á þeim. ÍV sjóðir heldur skrá yfir hagsmunaárekstra sem upp koma.

Það er mat félagsins að hagsmunaárekstrar geti skapast í tengslum við þjónustu sem það veitir, t.d. með eftirfarandi hætti:

- a) Líkur á að ÍV sjóðir, starfsmaður þess eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur félaginu gegnum yfirráð, njóti fjárhagslegs gróða eða forðist tjón á kostnað viðskiptamanns, sjóða eða sjóðsdeilda í rekstri félagsins,
- b) ÍV sjóðir, starfsmaður þess eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur félaginu gegnum yfirráð, hefur hagsmuna að gæta af þeirra þjónustu sem veitt er, eða hver niðurstaða tiltekinna viðskipta verður,
- c) er fyrir hendi fjárhagslegur hvati eða annars konar hvati hjá ÍV sjóðum eða starfsmanni félagsins eða aðila sem beint eða óbeint er tengdur félaginu gegnum yfirráð, til þess að setja hagsmuni tiltekins viðskiptamanns, sjóðs, deildar eða hóps viðskiptamanna frammar hagsmunum annars viðskiptamanns, sjóðs eða deildar,
- d) hvort fyrir hendi sé fjárhagslegur hvati eða annars konar hvati hjá ÍV sjóðum eða starfsmanni félagsins eða aðila sem beint eða óbeint er tengdur félaginu gegnum yfirráð, sem tekur við eða muni taka við umbun í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptamanni í formi peninga, vöru eða þjónustu annarri en venjubundnum umboðslaunu eða þóknunum fyrir þessa þjónustu, frá örum aðila en viðskiptamanni.

4. Aðferðir til að takmarka hagsmunaárekstra

- a) Komið sé í veg fyrir óeðlileg afskipti af þeirri þjónustu sem félagið veiti. Í því felst m.a. að koma í veg fyrir að nokkur aðili hafi óviðeigandi áhrif á það hvernig starfsmaður félagsins framkvæmir viðskipti.
- b) Innri reglur og verkferlar eru til staðar sem taka á þeim tilvikum þar sem hagsmunaárekstrar kunna að skaða hagsmuni viðskiptamanns. M.a. reglur um viðskipti starfsmanna ÍV/ÍV sjóða o.fl.
- c) Dregið er úr hættu á hagsmunaárekstrum með skipulagi félagsins og aðgreiningu strafssviða e.a. Starfsemi er skýrlega aðgreind frá starfsemi móðurfélags. Þá er skipulag tölvukerfa með þeim hætti að það tryggi aðgreiningu.
- d) Í gildi eru starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjóra sem hafa þanna tilgang að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.
- e) Aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegrar kunna að vera að mati framkvæmdastjóra og regluvarðar, til þess að koma í veg fyrir hvers kyns hagsmunaárekstra.

5. Upplýsingagjöf

Telji starfsmaður ÍV sjóða að líkur séu fyrir hendi á að hagsmunaárekstrar komi upp, sem áhrif hafi á hagsmumi viðskiptamanns, sjóða eða deilda í rekstri félagsins, skal hann senda tölvupóst til regluvarðar á regluvordur@iv.is.

Félagið leitast við að upplýsa viðskiptamanna um eðli og ástæður hagsmunaárekstrar komi hann upp og skal tilkynning send honum með sannanlegum hætti og honum gefinn kostur á að taka afstöðu til viðskiptanna með hliðsjón af hagsmunaárekstrinum.

Félagið skráir á tölvutæku formi upplýsingar um hagsmunaárekstra.

6. Eftirlit og breytingar

Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftir með að stefnu þessari sé framfylgt. Regluvörður heldur skrá yfir þau tilvik þar sem hagsmunaárekstur hefur skapast sem hefur í för með sér hættu á að hagsmunir viðskiptamanna, sjóða eða deilda skaðist eða muni skaðast.

Stefna þessi skal endurskoðuð með reglubundnum hætti. Breytingar skulu gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn ÍV sjóða hefur samþykkt þær.

Stefna þessi er sett af stjórn ÍV sjóða þann 21. desember 2016 og öðlast þegar gildi.

Kolbeinn Friðriksson
Aurkang Sigurðsson
Ingólfur Magnússon

Viðauki – Listi yfir mögulega hagsmunaárekstra.

Dæmi um mögulega hagsmunaárekstra:

1. ÍV sjóðir, starfsmenn eða tengdir aðilar hljóta ávinning eða komast hjá tapi á kostnað viðskiptamanns, sjóðs eða deildar í rekstri félagsins.
2. ÍV sjóðir, starfsmenn eða tengdir aðilar hafa aðra hagsmuni af útkomu verðbréfavíðskipta en viðskiptamaður, sjóður eða deilda í rekstri félagsins.
3. ÍV sjóðir, starfsmenn eða tengdir aðilar hafa hagsmuni af því að hygla einum viðskiptamanni, sjóði eða sjóðsdeild í rekstri ÍV sjóða á kostnað annarrar.
4. ÍV sjóðir, starfsmenn eða tengdir aðilar fá þóknun frá öðrum en viðskiptamanni í tengslum við þjónustu félagsins.
5. ÍV sjóðir, starfsmenn eða tengdir aðilar fá rausnarlega gjafir eða taka þátt í skemmtun, umfram það sem eðlilegt getur talið, sem gætu haft áhrif á störf þeirra með þeim hætti að andstætt sé hagsmunum viðskiptavina félagsins.
6. Íslensk verðbréf hf. er eigandi virks eignarhluta í ÍV sjóða. ÍV annast jafnframt verkefni fyrir félagið samkvæmt samningi um útvistun gegn þóknun frá ÍV sjóðum. Þessari tilhögun getur leitt til hagsmunaárekstra vegna eignatengsla annars vegar og viðskiptahagsmuna hins vegar.